HEIMSPEKI Á VÍSINDAVEFNUM
SVÖR

Aldur nemenda: 13-16 ára
Viðfangsefni: heimspeki, Vísindavefurinn, læsi
Færnimarkmið af brepi 1: nemandi segir skoðun sína og rökstyður mál sitt.
Viðhorfamarkmið af brepi 1: nemandi einbeitir sér að viðfangsefninu, þorir að segja skoðun sína (og skrifa), sýnir vilja til að útskýra mál sitt.
Auk þessar markmiða í samræðuþjálfun miðar verkefnið að því að þjálfa ýmsa þætti læsis: að nálgast texta, lesa hann og greina, að umorða og bregðast við rituðum skoðunum.
Efni og áhöld: Ljósrit af verkefninu fyrir hvern nemanda, aðgangur að nettengdum tölvum
Tími/umfang: 60-120 mínútur
Höfundur verkefnis: Brynhildur Sigurðardóttir

KENNSLULEIÐBEININGAR

Hér að neðan eru svör við verkefninu Heimspeki á Vísindavefnum.

2. SVARAÐU EFTIRFARANDI SPURNINGUM:

a. Hver er fyrsta spurningin í flokknum „heimspeki“?

Hér þarf kennari að skoða síðuna því fyrsta spurningin uppfærist jafnóðum og nýjar spurningar eru settar á vefinn.

b. Hvað gerir þessa spurningu heimspekilega?

Gefðu nemendum ákveðið svigrúm í svari sínu en meðal atriða sem viðeigandi er að nefna eru:

- *Það er ekki til eitt rétt svar við spurningunni, hún fjallar um umdeilanlegt hugtak*
- *Spurningin fjallar um hugtak sem skiptir okkur miklu máli*
- *Spurningin fjallar um hugtak sem við þekkjum öll*

c. Finndu nöfn á að minnsta kosti tíu heimspekingum sem spurt er um:

Spurningar um nafngreinda heimspekinga bætast reglulega við í safn Vísindavefsins þannig að kennari þarf að hafa það í huga að bæst getur við þennan lista:

Smith, Adam
Anaxagóras
Aristóteles
Cicero
Hume, David
Demókrítos
Díogenes
Bacon, Francis
Nietzsche, Friedrich
Gorgías
Herakleitos
Kant, Immanuel
Rawls, John
Mill, John Stuart
Kallikles
Marx, Karl
Konfúsíus
Lao-tse
Pascal
Platón
Descartes, René
Rousseau, Jean-Jacque
Seneca
Sókrates
Akvínas, Tómas
Þales

© 2013 VERKEFNABANKI HEIMSPEKITORGSINS, BRYNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR
Verkefnabanki Heimspekitorgsins er samstarfsverkefni Félags heimspekikennara, The Philosophy Man og kennara hjá Hagnýtri heimspeki.

d. Skrunaðu í gegnum nokkrar síður af spurningum í flokknum „heimspeki“. Nefndu síðan <u>þrjár athyglisverðustu spurningarnar</u> (þú þarft ekki að lesa öll svörin, bara vera forvitin/n um spurningarnar sjálfar):

Nemendur hafa hér fullkomið frelsi og þurfa ekki að rökstyðja svör sín.

e. Farðu í leitarreitinn á síðunni og sláðu inn spurninguna „Er til <u>einhver guð</u>, annars staðar en í hausum fólks?“
Hver er höfundur svarsins við þessari spurningu?

Róbert Haraldsson er höfundur svarsins.

f. Sláðu inn spurninguna „Gengur heimspeki út á það eitt að <u>flækja hlutina</u> svo mikið fyrir manni að maður kaffærist í eigin svörum?“
Hrannar Baldursson svara þessari spurningu með skýru NEI. Nefndu nokkur rök sem hann færir fyrir þessari skoðun sinni.

Hrannar segir „að heimspekin flæki ekki hlutina heldur viðurkenni að þeir séu í rauninni flóknir og kennir síðan fólki hvernig það geti greitt úr flækjunni. Hann segir heimspekilega samræðu einkennast af því að fólk verði að geta greint „góð rök frá slæmum og gildar röksemdafærslur frá ógildum.g.

Lestu síðan síðustu efnisgreinina í svarinu hans Hrannars. Hvernig lýsir hann heimspekingnum?“

Hrannar segir: “Heimspekingur þarf að vera skapandi og rökvís, og ekki síst umhyggjusamur gagnvart hugtökum, kenningum og fólki; skapandi til að finna flækjurnar, rökvís til að greiða úr flækjunum og umhyggjusamur til að verkið hafi merkingu fyrir aðra sem takast á við sömu flækjur.“

h. Flettu upp spurningunni „<u>Er vatn blautt</u>?“
Svarið við spurningunni byrjar með orðunum „Svarið er já; vatn er blautt á svipaðan hátt og ...“
Hvernig endar svo setningin?

Svarið er svona: „Svarið er já; vatn er blautt á svipaðan hátt og svefnlyf eru (yfirleitt) svæfandi, þegar okkur blæðir kemur blóð, við drekkum drykki, þegar við lyftum einhverju fer það upp í loftið, og þorstinn er þurr enda hefur þá vatnið þorrið.“

i. Er þessi setning svar við spurningunni um hvort vatn sé blautt? Útskýrðu svar þitt.

Viðbrögð nemenda geta verið ýmiss konar:

- *Já, þetta er svar af því að líkingarnar gefa ákveðna innsýn í hvers konar spurning þetta er, hvers konar fyrirbæri er til umfjöllunar*
- *Já, þetta er svar af því að þetta er rétt svar, spurt var hvort vatn sé blautt og ef það er reynt þá er vatn í rauninni blautt.*
- *Nei, þetta er ekki svar af því að spurningin er óþörf, það er skilgreiningaratriði að vatn sé blautt*

j. Finndu spurninguna „Ef <u>málfrelsi</u> ríkir og allir mega tjá skoðanir sínar, má ég þá predika hið gagnstæða?“
Finnst þér þetta vera spurning sem skiptir miklu máli í nútímasamfélaginu? Af hverju?

Hér þurfa nemendur að fá frelsi til að setja fram skoðun sína. Vert er að hafa í huga:

- *Að nemandi sýni að hann skilji í hverju málfrelsi felst*
- *Að nemandi geri sér grein fyrir málfrelsi í því samfélagi sem hann býr*
- *Að nemandi setji fram skýra skoðun og rökstyðji hana vel*

k. Það er Atli Harðarson sem svarar spurningunni um málfrelsi og hann byrjar á að segja að það sé í raun hægt að skilja spurninguna á tvo ólíka vegu – hvaða tvo vegu á hann við?

Atli segir: „Hægt er að skilja þessa spurningu á tvo vegu: Annars vegar getur þetta verið spurning um hvort halda megi fram skoðunum sem eru andstæðar skoðunum annarra. Hins vegar getur spurningin verið um hvort leyfilegt sé að predika skoðun sem er gagnstæð málfrelsi, til dæmis þá skoðun að málfrelsi skuli skert eða afnumið."

3. VELDU ÞÉR EINA SPURNINGU ÚR SAFNINU OG LESTU VEL SVARIÐ.

a. Hver er spurningin?

Sjálfstæð svör nemenda.

b. Skrifaðu útdrátt af svarinu, 50-100 orð.

Leggðu áherslu á að útdrátturinn sé stuttur og skrifaður með orðum nemandans, en ekki orðréttur upp úr greininni sjálfri.

c. Ertu sammála svarsinu við spurningunni? Af hverju/af hverju ekki?

Hér þarf kennari að meta rökin í samhengi við þá grein sem nemandinn tekur fyrir.

4. SKRIFAÐU ÞÍNA EIGIN HEIMSPEKILEGU SPURNINGU

Prófaðu spurninguna þína með því að slá hana í leitarreitinn áður en þú sendir hana. Ef svipaðri spurningu hefur verið svarað skaltu finna þér aðra til að senda inn.

Hver er spurningin þín?

_____

_____

Sendu hana til Vísindavefsins: http://visindavefur.hi.is/hvers_vegna.php

Láttu kennara vita þegar þú færð svar frá Vísindavefnum.